

sök. Nefndi hann til nokkur vitni, er hann taldi þörf á að kveðja fyrir dóm.

Lögmaður aðalstefnanda mótmælti eindregið frekari frestun málsins og vísaði til þess, að gagnaöflun var talið lokið í apríl fyrra árs, en gagnsök þingfest í maí 1956.

Af framanritaðri lýsingu á málavöxtum og málsmeðferð þykir ljóst, að frestir þeir, sem þegar hafa verið veittir aðiljum, hafa verið þeim nægilegir til öflunar gagna til stuðnings kröfunum í öllum sökum. Er því eigi unnt gegn mótmælum af hálfu aðalstefnanda að veita gagnaðilja hans frekari frest og ber því að synja beiðni hans.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 14. maí 1958.

Nr. 57/1958. Ísfell h/f
 gegn
 Kristni Á. Kristjánssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
 Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
 Snævarr.

Synjað um frávisun máls. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. apríl 1958, er barst dóminum 25. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að máli varnaraðilja gegn honum verði vísað frá héraðsdómi og að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ísfell h/f, greiði varnaraðilja, Kristni Á. Kristjánssyni, kærumálskostnað, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 16. apríl 1958.

Ár 1958, miðvikudaginn 16. apríl, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, uppkveðinn úrskurður í framangreindu máli, en atriðið var tekið til úrskurðar í gær.

Málavextir eru þessir:

Með utanréttarstefnu, útgefinni 31. marz s.l., höfðaði Árni Gunnlaugsson hdl. f. h. Kristins A. Kristjánssonar, Reykjavíkurvegi 25, hér í bæ, mál á hendur Ísfelli hf., Flateyri, til greiðslu á skuld félags þessa við netagerð stefnandans hér að upphæð kr. 61.135.50, auk vaxta og málskostnaðar.

Stefnandi telur, að kr. 55.963.00 af skuldinni sé andvirði neta-vinnu og netaefnis, kr. 2.172.50 útlagður flutningskostnaður vegna 11 neta, kr. 3.000.00 tjón stefnanda vegna vanefnda stefnda á að innleysa net þessi, sem hafi verið endursend, kr. 2.400.00 kostnaður við að breyta netunum aftur og gera þau söluhæf fyrir sama verð, en þau hafi verið sérhnytt fyrir stefnda og loks kr. 600.00 fyrir skemmdir, sem orðið hafi á netunum.

Þegar mál þetta var þingfest hér í rétti 15. apríl s.l., mætti formaður stjórnar hlutafélagsins, Einar Sigurðsson, og hafði uppi kröfu um frávísun málsins á þeim grundvelli, að rangt væri stefnt í málinu, þar sem einn stjórnarmeðlimur, Páll Þórðarson, eigi ekki lengur heimili á Flateyri, þar sem honum sé stefnt, heldur sé hann fyrir nokkru fluttur til Sauðárkróks og honum hafi eigi verið birt stefnan. Enn fremur sé stefnufresturinn einni viku of stuttur, þar sem hlutafélagið eigi lögheimili úti á landi. Af hálfu stefnandans er hins vegar haldið fram, að stefnan sé birt á lög-mætan hátt og með löglegum stefnufresti.

Samkvæmt 99. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 skal stefnufrest-

ur vera 1—6 vikur, ef stefndi á heimili eða dvalarstað hér á landi, en utan sýslufélags, þar sem mál skal þingfesta. Eftir 95. gr. sömu laga má birting stefnu á hendur félagi fara fram á heimili formanns stjórnar þess. Enn fremur segir samkvæmt 101. gr. téðra laga, að mæti stefndi, enda þótt stefnufrestur hafi verið settur eða verði of skammur, skuli ekki vísa máli frá dómi.

Með vísun til þeirra greina einkamálalaganna, sem hér hafa verið tilfærðar, getur dómurinn ekki fallizt á kröfu formanns stjórnar hins stefnda hlutafélags, enda verður að telja, að honum hefði verið innan handar að gæta réttar félagsins og koma að þeim vörnum, er hann óskaði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir heldur ekki verða tekin til greina krafa formannsins um málskostnaðargreiðslu honum til handa.

Því úrskurðast:

Krafa formanns stjórnar hins stefnda hlutafélags, Einars Sigurðssonar, um frávísun máls þessa verður eigi tekin til greina né heldur krafa hans um greiðslu málskostnaður honum til handa.
